

HSK ásamt þremur öðrum.

13-14 ára strákar

Hlynur Logi keppti með sveit HSK í þessum flokki en hún gat ekki lokið keppni vegna meiðsla eins keppenda.

11-12 ára stelpur

Ásrún, Margrét og Guðrún skipuðu sveit HSK sem háði harða baráttu við þrjár aðrar sveitir og endaði svo í 2. sæti eftir spennandi keppni.

13-14 ára stelpur

Ingveldur var í sveit HSK sem lenti 2. sæti eftir keppni við sveit UÍA.

Bikarglíma Íslands - Einstaklingskeppni

Stefán Geirsson glímdi í +90 kg. flokki og sigraði þann flokk en hafnaði í 2. sæti í opnum flokki.

Grunnskólamót HSK

Miðvikudaginn 13. febrúar fer Grunnskólamót HSK fram á Laugarvatni og hefst kl. 11:00. Flóaskóli stefnir eflaust að því að senda sterkt lið til keppni í 5. til 7. bekk og eins stefna keppendur úr Samhygð og Vöku sem eru í Vallaskóla á þátttöku.

Dagskrá mánaðarins

| | |
|--|-------------|
| Glímuæfing í Félagslundi | 5. febrúar |
| Grímuball Flóaskóla í Þingborg | 5. febrúar |
| Íþróttæfing í Þjósárveri | 6. febrúar |
| Porrablót í Þjósárveri | 9. febrúar |
| Aðalfundur Samhygðar | 10. febrúar |
| Glímuæfing í Félagslundi | 12. febrúar |
| Íþróttæfing í Þjósárveri | 13. febrúar |
| Grunnskólamót HSK í glímu | 13. febrúar |
| Saumakvöld í Þjósárveri | 14. febrúar |
| Skilafrestur merki Kvenf. Gaulverjab.hr. | 15. febrúar |
| Innanhússmót Umf. Vöku | 17. febrúar |
| Glímuæfing í Félagslundi | 19. febrúar |
| Íþróttæfing í Þjósárveri | 20. febrúar |
| Héraðsmót í frjálsum | 21. febrúar |
| Héraðsping HSK | 23. febrúar |
| Glímuæfing í Félagslundi | 26. febrúar |
| Íþróttæfing í Þjósárveri | 27. febrúar |
| Aðalfundur Þjósárvers | 28. febrúar |
| HSK mót 12-22 ára í frjálsum | 2. mars |



Áveitan



2. tbl, feb. 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Ofan gefur snjó á snjó,
snjóum vefur flóa tó,
tóa grefur móa mjó,
mjóan hefur skó á kló.

(Bölu-Hjálmar)

Frá Sveitarstjóra

Snjómokstur

Mikil snjókoma og fannfergi hefur verið í Flóahreppi síðustu daga eins og víðar á Suðurlandi.

Flóahreppur gerði á dögnum samning við þrjá verktaka sem annast snjómokstur í sveitarfélaginu og verið er leggja lokahönd á samning við einn verktaka til viðbótar.

Snjómokstri er þannig háttað að verktakar skulu, ef þess er nokkur kostur, hafa hreinsað alla tengivegi fyrir kl. 8 morgni þá daga sem mokað er. Verktakar fylgjast með og meta hvort þörf er á mokstri og hafa samband við Vegagerð, ef talin er ástæða til moksturs.

Markmiðið með snjómokstrinum er að koma börnum í skólann og greiða aksturleiðir mjólkurbíla, þeirra sem þurfa til vinnu osfrv.

Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í för.

Vegagerðin greiðir helming snjómoksturs á öllum tengivegum en það er alfarið sveitarfélagsins að greiða snjómokstur á safnvegum (afleggjurum heim að húsum).

Verktakar hreinsa safnvegi en ekki planið hjá íbúum, það er alltaf íbúa að hreinsa snjó í kringum sín hús, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli.

Þeir íbúar sem ekki hafa tök á að hreinsa sitt plan geta sett sig í samband við skrifstofu í síma 482-3260 og óskað eftir hreinsun á eigin kostnað.

Þriggja fasa rafmagn

Sveitarstjórn barst erindi frá Iðnaðaráðuneyti í lok síðasta árs þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í sveitarfélaginu.

Óskað var eftir yfirliti frá Rarik um hvar búið væri að leggja þriggja fasa rafmagn og hvar áætlað er að leggja það í nánustu framtíð.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á það að lagt verði þriggja fasa rafmagn að hverjum bæ í sveitarfélaginu sem allra fyrst og sendi Iðnaðarráðuneyti upplýsingar um þá bæi sem ekki eru komnir með þriggja fasa rafmagn samkvæmt yfirliti Rarik.

Björgunarfélag Árborgar

Sveitarstjórn hefur samþykkt að styrkja Björgunarfélag Árborgar um 100.000 kr.

Beiðni um samstarf í vatnsmálum

Sveitarstjórn hefur óskað formlega eftir því við Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps að farið verði í samningaviðræður um samstarf í kaldavatnsmálum.

Fundur fræðslunefndar og sveitarstjórnar

Fræðslunefnd og sveitarstjórn áttu saman fund 23. janúar s.l. þar sem m.a. var fjallað um mötuneytismál og farið yfir skýrslu frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands þar að lútandi.

Fræðslunefnd taldi að ekki gæti orðið hagræðing í rekstri miðað við þær verk-lagsreglur sem miðað var við í skýrslunni.

Fram kom nauðsyn þess að vinna eftir mannelismarkmiðum og að samræma matseðla og innkaup í leik-og grunnskóla.

Fræðslunefnd taldi mikilvægt að lagfæra aðstöðu í mötuneyti Krakkaborgar sem fyrst.

Fjallað var um framtíðarsýn í skólumálum og hvernig best sé að haga þeim málum og undirbúningsvinnu og að málefni mötuneyta verði tekin með í þá umræðu.

Rætt var um hvort kenna eigi öllum grunnskólabörnum í Flóaskóla og möguleika þess að byggja upp fræðslu-og íþróttamannvirki við Þjórsárver.

Fram kom mikilvægi þess að hafa velvilja frá samfélaginu og sveitarstjórn í garð leik-og grunnskóla.

Aðilar voru sammála um að funda sameiginlega einu sinni til tvisar á ári enda um veigamikinn þátt að ræða í rekstri sveitarfélagsins.

Harðangur og klaustur

Næsta saumakvöld hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps verður í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 14. febrúar og hefst kl. 20:30. Allar nánari upplýsingar gefur Kristín á Hurðarbaki í síma 486-3317.

Íþróttafréttir

Innanhúsmót Vöku!

Sunnudaginn 17. febrúar verður innanhúsmót Umf. Vöku haldið í Þjórsárveri og hefst kl. 13. Keppt verður í langstökki án atrennu, þristökki án atrennu og hástökki. Keppt verður í öllum flokkum. Hvetjum alla til að fjölmenna á mótið.

Íþróttæfingar í Þjórsárveri

Íþróttæfingar halda áfram á miðvikudögum í vetur frá 17:30 til 18:30. Æfingar- nar eru fyrir 6 ára og eldri (miðað við 1. bekk). Þjálfari verður Tómas Karl Guðsteinsson. Hvetjum sem flesta til að mæta.

Mótin framundan:

| | | | |
|-------------|---------------------------------|----------------|-----------|
| 9.-10. feb. | MÍ aðalhluti | Laugardalshöll | |
| 17. febrúar | Innanhúsmót Vöku | Þjórsárver | kl. 13:00 |
| 21. febrúar | Héraðsmót HSK innanhúss | Hvolsvelli | kl. 19:00 |
| 24. febrúar | Bikarkeppni FRÍ | Laugardalshöll | |
| 2. mars | Aldursflokkamót HSK 12 - 14 ára | Hella | kl. 10:00 |
| 2. mars | Unglingamót HSK 15 - 22 ára | Hella | kl. 14:00 |
| 8. mars | Héraðsleikar 11 ára og yngri | Þorlákshöfn | kl. 10:00 |

Íþróttanefnd Umf. Vöku

Góð ferð glímufólks á Austfirði

Tíu manna hópur keppenda og fararstjóra frá Samhygð og Vöku hélt í viking ásamt vösku liði HSK á Austfirði helgina 19. til 20. janúar sl. Þrátt fyrir tafir í flugsamgöngum og ótryggt veðurútlit gekk ferðalagið í heildina vel fyrir sig. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu á Fáskrúðsfirði á laugardeginum og var árangur okkur fólks með ágætum. Úrslit urðu eftirfarandi:

Grunnskólamót GLÍ

| Sæti | Nafn | Flokkur | Vinningar |
|-------|---------------------------|---------|------------------------|
| 1. | Guðrún Inga Helgadóttir | 5. b. | 4 Grunnskólameistari |
| 8.-9. | Margrét Ýr Bárðardóttir | 6. b. | 1 |
| 8.-9. | Ásrún Halla Loftsdóttir | 6. b. | 1 |
| 1. | Ingveldur Þorsteinsdóttir | 8. b. | 1+1 Grunnskólameistari |
| 8.-9. | Viðar Janus Helgason | 5. b. | 1 |
| 7. | Sveinn Orri Einarsson | 6. b. | 2 |
| 2. | Hlynur Logi Erlingsson | 8. b. | 7 |

Bikarglíma Íslands - Sveitakeppni

Í flokkum barna 11-14 ára kepptu þriggja manna sveitir undir merkjum sinna félaga. Okkar fólk blandaðast öðrum krökkum úr liði HSK í þessum sveitum.

11-12 ára strákar

Sveit HSK sigraði í keppni fimm sveita. Sveinn Orri og Viðar Janus skipuðu sveit

ræðurnar við matarborðið oft á tíðum og mikið glens. Annars erum við mjög ánægð í Flóahreppi hér er fullt af góðu og fínu fólki, og má ég nú til með að þakka Stulla og Pálma í Fljótshólum fyrir heimsóknina í svefniherbergishurðina hjá okkur eftir Kornskurðarballið og endilega kikið aftur í kaffi þegar við "GÖMLU hjónin erum á fótum og ég klædd einhverju öðru en sænginni minni með hárið út í loftið" svo ég geti boðið ykkur upp á kaffi og með því...

Það er best að ég misnoti aðstöðu mína og segi ykkur frá því að ég er svæðanuddari og starfa að hluta til við það hér heima, ykkur er velkomið að hafa samband og panta ykkur tíma, svæðanudd er mjög slakandi og áhrifaríkt.

Ég vil skora á Hildi Harðardóttur í Efri-Gegnishólum að rita næsta pistil.

Lifið heil. Sonja Arnarsdóttir, Arabæ

FÁNASAMKEPPNI!!!!

(SMÁ BREYTINGAR)

Í tilefni af 90 ára afmæli Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps sem var stofnað 26. maí 1918 hefur verið ákveðið að efna til samkeppni um merki (borðfána) fyrir félagið, (stærð fána 15x24cm).

Nafn kvenfélags, stofndagur og ár þarf að koma fram á merkinu (fánanum).

Þátttakendur skili tillögum sínum til Kristínar Ólafsdóttur, Gaulverjabæ, Flóahrepp, 801 Selfoss, undir dulnefni ásamt réttu nafni í lokuðu umslagi.

Fánanefnd Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tillögu sem er eða hafna þeim öllum.

Verðlaun, kr. 25000, verða veitt fyrir bestu tillögunu. Skilafrestur er til 15. febrúar 2008.

Fánanefnd Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundu sunnudaginn 10. febrúar kl. 13:30. Stjórnin

ÚTBOÐ

ÍBÚÐARBYGGÐ VIÐ ÞINGBORG, FLÓAHREPPI ALÚTBOÐ Á HÖNNUN, FRAMKVÆMDUM OG BYGGINGARÉTTI

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., fyrir hönd Flóahrepps, óskar eftir tilboðum í hönnun, framkvæmdir og byggingarétt vegna íbúðabygðar við Þingborg, Flóahreppi.

Um er að ræða íbúðarbyggð með 26 lóðum. Samningsaðili skal m.a. ganga frá götum, gangstéttum, veitulögnum og frárennsli og gera lóðir byggingarhæfar. Samningsaðili fær byggingarétt á lóðum til úthlutunar. Heildarlengd gatna er um 580m.

Hægt er að áfangaskipta verkinu. Heildarverklok eru 2 árum eftir töku tilboðs. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Útboðsgögn eru til afhendingar frá fimmtudeginum 31. janúar hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Austurvegi 10, 800 Selfossi, gegn 5.000 kr. skilatryggingu.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Flóahrepps að Þingborg, fyrir kl. 14.00 fimmtudaginn 21. febrúar, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Aðalfundur Þjósársvers

Aðalfundur Félagsheimilisins Þjósársvers árið 2008 verður haldinn 28. febrúar nk í Þjósársveri og hefst kl. 20.30. Fundurinn er opinn öllum sem hafa áhuga á málefnum Þjósársvers með tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa stjórnarmenn eigenda samkvæmt starfsreglum Þjósársvers.

Húsnefnd Þjósársvers

Porrablótið í Þjósársveri 9. febrúar

Munið að panta miða á blótið í síðasta lagi þriðjudagskvöldið 5. febrúar. Pantanir berist til Hjördísar og Geirs í síma 486-3354, eða Kristínar og Óla í síma 486-3317.

Nefndin

Frá Flóaskóla

Vetur konungur hefur rækilega minnt á sig undanfarið eins og sveitungar hafa orðið varir við. Það sem af er skólaárinu hefur skólinn verið lokaður 3 daga vegna veðurs og ófærðar og einn dag hafa nemendur verið sendir heim fyrir en áætlað var vegna veðurs. Þeir sem eldri eru muna nú tímana tvenna í þessu samhengi en þar sem Flóaskóli er nú bara 4 ára þá munum við ekki annað eins og vonum að nú sé mál að linni!

Þorablót skólans var haldið þriðjudaginn 29. janúar. Það var fjölmennt og mál manna að vel hafi tekist til. Matráðskonur skólans eiga heiður skilinn fyrir að standa mjög vel að blótinu og skipuleggja skemmtilega stund fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra.

Á döfinni eru dagar tilbreytinga og skemmtunar, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Foreldrafélagið stendur fyrir grímuballi fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra að kvöldi sprengidags. Grímuballið verður í Þingborg kl. 20:00-21:30. Aðgangseyrir er enginn en sjoppa verður opin. Foreldrafélagið stóð einnig nýverið fyrir fræðslufundi fyrir forráðamenn um einelti í grunnskólum. Fræðslufundurinn var haldinn í Þjórsárveri og var ágætlega sóttur af foreldrum. Foreldrafélagið hefur verið virkt í vetur og gaman að heyra vilja meðal stjórnarmanna til áframhaldandi virkra starfa. Félagið mun á næstunni senda út greiðsluseðla vegna árgjalds og eru forráðamenn hvattir til að taka vel við því og greiða árgjaldið hið fyrsta.

Námsmat stendur yfir þessa dagana en þá þreyta nemendur próf og taka kannanir. Nemendur verða síðan boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara ásamt forráðamanni þann 12. febrúar nk.

Þess má geta að nýlega bárust skólanum niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Það er ánægjulegt að skýra frá því að nemendur Flóaskóla stóðu sig með þryði á prófunum og fengu einkunnir sem eru yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali í okkar kjördæmi.

Á næstunni munu nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Innanhússkeppni Flóaskóla verður haldin á næstunni og þar veljum við 2 fulltrúa skólans í Stóru upplestrarkeppnina.

Bestu kveðjur úr skólanum,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.

Pistillinn

Sælir sveitungar! Og gleðilegt ár.

Ég vil byrja á því að þakka Guðrúnu fyrir að skora á mig að skrifa pistil. Ég hélt nú að ég myndi sleppa en það var vitlaust til getið hjá mér!! Maður kemst ekki hjá því að spá í veðrið þessa dagana, ekki það að margir þeirra hafa verið ákaflega fallegir, þá er maður orðin svo góðu vanur hvað vetrarhörkuna varðar, þar sem ekki hefur verið mikið um hana síðustu árin. Ég man þegar ég var unglingur “það er nú ekki svo langt síðan .. he he he“ að oft var svo mikill snjór á Selfossi að vart var hægt að komast um, og þegar búið var að ryðja göturnar náðu skaflarnir upp á miðja ljósastaura en það er nánast liðin tíð eins og svo margt annað.

Ég hugsa nú oft um það hvað okkar kynslóð hefur það gott, vinna til sveita var ekki í líkingu við það sem hún er í dag. Það er skrytið að hugsa til þess að börn voru böðuð í lækjum á þvottadögum, þá voru ekki lúxus sturtur, böð með nuddi eða þvottavélar. Þá voru allir hlutir gerðir á höndum sér, fólk á túnum við heyskap meira og minna allt sumarið, (svo var maður að svitna undan baggatínslunni í sveitinni í denn og blóta bévítans rollunum þegar ég átti að hlaupa þær uppi og það klikkaði ekki að ef ég var alveg að komast fyrir þær, litu þær á mig með furðusvip og hlupu í hina áttina ohh ...það sem ég gat orðið reið,! #\$\$%... en ég þurfti þó ekki að sitja yfir þeim það var bót í máli). Já þvílík vinna sem fólk þurfti að inna af hendi og byltingin sem hefur verið fyrir þá sem gátu farið að nota vélar síðar meir. Ég hef stundum rætt þessi mál við eldra fólk sem upplifði þessa tíma og hef mikla ánægju af því, við erum oftast sammála því að fólk á aldrinum 70-80 ára hefur sennilega horft upp á mestu breytingar á lífi og lifnaðarhátum sem orðið hafa og líklega verða. Þetta eru skemmtilegar umræður og fá mann virkilega til að staldra við og spá í það hvað maður hefur það gott. (Guði sér lof fyrir þvotta- og uppþvottavélar og þurrkarann, og netið og alla flottu bílana...og fyrst og fremst góða heilsu það er ekki sjálfgefið það er víst alveg á hreinu). Það eru líka forréttindi að fá að ala upp börn í sveit, við höfum búið í 14 ár í sveitinni þar af nærri 2 ár hér í Flóahreppi og ég vildi sko ekki skipta yfir í þéttbýlið NEI TAKK. Sé mig ekki finna mig þar þrátt fyrir að ég sé fædd og uppalin þar. Ég vil klára að ala dóttur okkar hestasjúklinginn upp í sveitinni og njóta sveitalífsins. Það er líka athyglisvert hvað margir krakkar sækja í sveitina í dag, á hverju sumri erum við beðin fyrir krakka og er erfitt að neita þeim, hjá okkur komast þau á kaf í hestana og alla ánægjuna sem þeim fylgir. Það eru æði skemmtilegar sam-